



Nóvember 2020

Efnahagsaðgerðir í þágu þeirra fjölskyldna sem hafa orðið harðast úti vegna veirufaraldursins

Stuðningslán fyrir heimilin

Markmið:

Tryggja húsnæðis – og afkomuöryggi fyrir öll heimili og fjölskyldur sem hafa orðið fyrir atvinnubresti og tekjumissi vegna kórónuveirufaraldursins til að koma í veg fyrir aukinn ójöfnuð, félagslegan óstöðugleika, samningsrof, verðfall á eignamörkuðum og til að tryggja fjármálastöðugleika svo að kórónukreppan verði ekki að fjármálakreppu. Þá er einnig markmiðið að draga úr umsvifum hins óopinbera hagkerfis, verja viðkvæma fjárhagsstöðu sveitarfélaga og auka tekjur ríkisins til lengri tíma litið.

Fyrir hvern:

Aðgerðir beinast að öllum þeim heimilum þar sem fjölskyldan hefur misst lífsviðurværi sitt eða orðið fyrir miklum tekjumissi af völdum Covid19 veirufaraldursins.

Hver ber byrðarnar:

Lántakar hafa 18 mánuði til að tryggja sér framtíðarlífsviðurværi. Þegar kemur að endurgreiðslu nýtur lántakinn afsláttar af heildartekjuskatti sínum til að mæta afborgunum af stuðningslánunum.

Gildistími úrræðis:

Hægt verður að draga á stuðningslánin í 18 mánuði eða þar til lántaki hefur tryggt sér framtíðaratvinnu, hvort sem kemur fyrr. Endurgreiðslutími stuðningslána er 10 ár. Úrræðið býðst til loka árs 2021.

Reglugerð um stuðningslán til fyrirtækja, nr. 534/2020, felur í sér tímabundið úrræði handa fyrirtækjum vegna efnahagslegra afleiðinga kórónuveirunnar. Launafólk gerir kröfu um samskonar úrræði fyrir heimilin í landinu sem þurfa á svigrúmi að halda, ekki síður en fyrirtækin, til að bregðast við fjárhagslegu áfalli kreppunnar og skipuleggja framtíðina. Heimilin, sem eru litlar rekstrareiningar, hafa mörg hver orðið fyrir force majeure atburði sem hefur leitt til algjörs tekjufalls í mörgum tilfellum. Líkurnar á greiðslufalli stórs hóps þeirra eykst dag frá degi.

Heildaratvinnuleysi var 11,1% í október samkvæmt tölu Vinnumálastofnunar. Atvinnuleysisbætur eru nú 289.510 krónur á mánuði og tekjutengdar bætur að hámarki 456.404 krónur. Fyrir launamann með meðallaun þýðir þetta að laun hans lækka um 30% þegar hann fer á tekjutengdar bætur. Þegar því tímabili lýkur og grunnbætur taka við hafa laun hans lækkað um 55%.



Verkalýðshreyfingin fagnar því að tekjutengdar atvinnuleysisbætur hafa verið framlengdar sem og hlutabótaleiðin. En það dugar ekki til, staðan er mun alvarlegri en svo. Atvinnuleysi stefnir í að verða það mesta sem mælst hefur í áratugi og mörg heimili standa frammi fyrir alvarlegum fjárhagsvanda. Mörg heimili hafa þegar gengið á framtíðarsparnað sinn, úttekt séreignarsparnaðar sem heimiluð er vegna kórónuveirunnar er nær 21 milljarður króna það sem af er ári. Lánastofnanir standa nú þegar frammi fyrir færslum á afskriftarrekning vegna nýrra reikningsskilareglina í tengslum við vænt útlánatöp. Lánastofnanir hafa því sterkan hvata til að styðja við allar aðgerðir sem veita heimilunum aðstoð við að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og koma þannig í veg fyrir að vanskil og útlánatöp raungerist. Ef kórónukreppan breytist í fjármálakreppu er ljóst að efnahagserfiðleikar verða viðvarandi, með tilheyrandi verðfalli á eignamörkuðum.

Útfærslan

Verkalýðshreyfingin leggur til eftirfarandi útfærslu á stuðningslánum til heimilanna sem tekur mið af úrræðum sem þegar bjóðast fyrirtækjum, sbr. reglugerð nr. 534/2020.

Lagt er til að stuðningslán til heimilanna verði með 100% ríkisábyrgð og fjármögnuð af Seðlabanka Íslands. Fjármálastofnanir afgreiða stuðningslánin til einstaklinga sem fyrst og fremst taka mið af stöðu hvers og eins.

Einstaklingar geti óskað eftir greiðslumati frá sínum viðskiptabanka sem sýni greiðslugetu viðkomandi bæði fyrir og eftir tekjusamdrátt. Til að fá greiðslumat þarf einstaklingurinn að sýna fram á samdrátt í tekjum með því að leggja fram gögn um sögulegt tekjustreymi, launaseðla og/eða uppsagnarbréf. Niðurstaða seinna greiðslumats er til marks um greiðslugetu einstaklinga eða heimila af lánum og öðrum skuldbindingum og er lögð til grundvallar ákvörðunar um stuðningslán, sem bankinn metur.

Dæmi: Greiðslur heimilis nema 350 þúsund krónum á mánuði; húsnæðislán/húsaleiga, bílalán, námslán o.fl. Eftir nýtt greiðslumat lækkar greiðslugeta heimilisins í 200 þúsund krónur á mánuði. Stuðningslán brúar bilið milli greiðslugetu og skuldbindinga, allt að 250 þúsund krónur á mánuði miðað við forsendur greiðslumats, stærð fjölskyldu og aðra afkomu heimilisins.

Ef upp kemur ágreiningur banka og einstaklings verður hægt að vísa málinu til umboðsmanns skuldara og væri úrskurður hans bindandi fyrir alla aðila.

Þannig mun heimilið geta dregið á ríkistryggða lánalínu mánaðarlega sem nemur lækkun á greiðslugetu samkvæmt fyrra og seinna greiðslumati. Bankinn setur upp lánalínu, án afborgana, í samvinnu við lántaka, uns atvinnubátttaka lántaka hefst á ný eða í allt að 18 mánuði frá fyrsta ádragin, að hámarki 4.500.000 kr. Lánalínan ber vexti sem taka mið af 7 daga bundnum innlánum í Seðlabanka Íslands þá 18 mánuði sem á hana er dregið. Upphæð ádreginnar lánalínu að loknum 18 mánuðum er breytt í skuldabréf með vöxtum sem taka mið af ríkisbréfaflokknum RIKB 31 og jöfnum afborgunum einu sinni á ári til 10 ára. Endurgreiðslur hefjast á almanaksárinu eftir að lántaki hefur hætt að draga á lánið og miðast gjalddagi láns við 1. júlí ár hvert.

Endurgreiðsla í gegnum tekjuskattskerfið

Þótt kórónuveiran geti lagst á alla óháð stétt og stöðu, er efnahagslegum afleiðingum faraldursins ekki dreift jafnt á alla. Því er uppi sú krafa að allt samfélagið beri byrðarnar á efnahagslegum afleiðingum veirunnar, en ekki aðeins þeir sem eru svo óheppnir að starfa innan þeirra atvinnugreina sem hafa orðið illa úti. Þau heimili sem þurfa að nýta sér stuðningslánin fá 10-35% afslátt af heildartekjuskattsgreiðslum, þrepaskipt niður á við eftir hækkandi tekjum, á þeim tíma sem stuðningslánin eru greidd til baka, að hámarki 525.000 kr. á ári.

Myndræn framsetning á stuðningslánum:

